

## **SÁTT LANDSBANKANS VIÐ SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ**

### **Vegna kaupa Landsbankans á öllu hlutafé í TM tryggingum hf.**

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 („samkeppnislög“) hefur Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, („Landsbankinn“ eða „bankinn“) gert sátt við Samkeppniseftirlitið um að hlíta eftirfarandi skilyrði með það fyrir augum að leysa með fullnægjandi hætti samkeppnisleg vandamál sem annars kynnu að hljótast af samruna þeim sem kaup Landsbankans á öllu hlutafé í TM tryggingum hf., kt. 660269-3399, („TM“) fela í sér í skilningi 17. gr. samkeppnislaga („samruninn“).

#### **1. gr.**

##### **Markmið**

Skilyrði það sem Landsbankinn fellst á að hlíta skv. 2. gr. byggir á því markmiði að vinna gegn því að samruninn raski samkeppni á sviði viðskiptabankapjónustu við einstaklinga. Landsbankinn leitast jafnframt almennt við að starfa í samræmi við þau markmið sem fram koma í 1. gr. sáttar bankans við Samkeppniseftirlitið samkvæmt ákvörðun nr. 22/2017, *Aðgerðir til að efla samkeppni á viðskiptabankamarkaði*, og styður ákvæði 2. gr. jafnframt við þau markmið.

#### **2. gr.**

##### **Reikningar sem laun greiðast inn á og sérstök kjör á vátryggingum**

Landsbankinn, sem móðurfélag TM trygginga hf., mun sjá til þess að sérstök kjör á vátryggingum TM verði ekki háð því skilyrði að laun viðskiptavinar verði greidd inn á reikning hans hjá bankanum.

Með sérstökum kjörum samkvæmt framangreindu er átt við kjör sem fela í sér frávik frá þeim kjörum sem viðkomandi viðskiptavini byðust á vátryggingum ef laun hans væru ekki greidd inn á reikning hjá bankanum.

#### **3. gr.**

##### **Endurskoðun**

Landsbankinn getur óskað eftir endurskoðun á ákvæðum sáttarinnar ef verulegar breytingar hafa orðið á þeim málsvikum eða aðstæðum sem liggja til grundvallar sáttinni, sbr. 3. mgr. 17. gr. f. samkeppnislaga og VI. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

#### **4. gr.**

##### **Viðurlög**

Brot á skilyrði 2. gr. sáttar þessarar varðar viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Reykjavík, 21. febrúar 2025,

F.h. Landsbankans

F.h. Samkeppniseftirlitsins

-----

Lilja Einarsdóttir, bankastjóri

-----

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri